

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, nr. 97/2012.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.37 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/385 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.37.
- 1.38 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/391 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.38.
- 2.43 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/392 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.43.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 30. apríl 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.37.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/385****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun 2012/642/SSUÖ og að teknu tilliti til viðvarandi alvarlegs ástands í Belarús og þátttöku Belarús í ólöglegum árásum Rússneska sambandsríkisins gegn Úkraínu þykir rétt að láta allar ráðstafanirnar sem Sambandið hefur samþykkt gilda áfram. Af þessum sökum ætti að framlengja ákvörðun 2012/642/SSUÖ til 28. febrúar 2026.
- 3) Breyta ætti yfirlýsingum um ástæður og öðrum auðkennandi upplýsingum vegna tíu einstaklinga og tveggja lögaðila á skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðirnar í I. viðauka við ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 4) Rétt þykir að gera tæknilegar breytingar á 3. gr. í því skyni að samræma viðmiðanir fyrir skrána í 3. og 4. gr.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. mgr. 3. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í b-lið fellur orðið „eða“ brott,
 - b) Eftirfarandi liðum er bætt við:
 - „d) sem auðvelda brot á banninu við því að sniðganga ákvæði þessarar ákvörðunar eða sem raska þessum ákvæðum verulega á annan hátt eða
 - e) eru einstaklingar sem tengjast aðilum sem um getur í b-, c- eða d-lið.“
- 2) Í stað 1. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:
„1. Ákvörðun þessi gildir til 28. febrúar 2026.“
- 3) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti.*

K. KALLAS

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2012/642/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/385/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 1.38.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/391****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerð í Úkraínu og rússneskur heraflí hóf árás á Úkraínu, þ.m.t. frá yfirráðasvæði Belarús. Sú árás er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.
- 3) Hinn 2. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/356⁽²⁾, þar sem titli ákvörðunar 2012/642/SSUÖ var breytt og innleiddar voru frekari þvingunaraðgerðir til að bregðast við þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu.
- 4) Í ályktunum sínum frá 19. febrúar 2024 fordæmdi ráðið harðlega áframhaldandi stuðning stjórnarinnar í Belarús við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og fór fram á að Belarús taki ekki þátt í slíkum aðgerðum og að landið fari að alþjóðlegum skuldbindingum sínum.
- 5) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er telur ráðið að breyta ætti viðmiðunum varðandi tilgreiningu fyrir skráningu aðila, rekstrareininga og stofnana, sem sæta frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs og banni við að gera slíka fjármuni og efnahagslegan auð þeim aðgengilegan, til að unnt sé að beita markvissum þvingunaraðgerðum gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega, eða njóta góðs af hergagnaiðnaði Belarús.
- 6) Einnig er nauðsynlegt að styrkja bann við útflutningi á vörum og tækni með tvíþætt notagildi og á vörum og tækni, sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu á sviði varnar- og öryggismála Belarús, til rekstrareininga á skránni yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir í II. viðauka við ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 7) Einnig þykir rétt að auka við skrána yfir hluti sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa Belarús, þ.m.t. kemísk forefni fyrir óeirðastjórnunarefni, hugbúnaður í tengslum við tölvustýrðar vélar (CNC), krómgrýti og -sambönd og stjórnubúnaður til að stýra ómönnuðum loftförum.
- 8) Einnig þykir rétt að leggja frekari útflutningshöft á vörur sem gætu stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, s.s. frumefni, flugeldavörur og eldfim efni.
- 9) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða þykir enn fremur rétt að auka við skrána yfir vörur og tækni sem falla undir bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vélbúnaði og vörum sem gætu einkum stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar.
- 10) Rétt þykir að veita undanþágur að því er varðar útvegum tiltekinnara vara og vélbúnaðar sem nauðsynleg eru fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem ekki er almennur aðgangur að.
- 11) Auk þess þykir rétt að innleiða frekari innflutningshöft á hráál sem gerir það mögulegt fyrir Belarús að auka fjölbreytni tekjulinda sinna og gera því þar með kleift að taka þátt í árásum Rússa gegn Úkraínu.
- 12) Einnig þykir rétt að setja takmarkanir á sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða útvegum á hugbúnaði sem tengist olíu- og gasleit til að takmarka enn frekar getu Belarús til leitar og framleiðslu á olíu og gasi og lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða um yfirráðasvæði Belarús.
- 13) Til að koma í veg fyrir að rekstraraðilar í Sambandinu leggi til þróunar á grunnvirkjum Belarús er nauðsynlegt að innleiða bann við veitingu þjónustu á sviði byggingarstarfsemi, þ.m.t. mannvirkjagerðar.
- 14) Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega, með beinum eða óbeinum hætti, Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum, eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar. Rétt þykir að

skýra að bann er lagt við sölu, leyfisveitingum eða annars konar framsali á hugverkaréttindum eða viðskiptaleyndarmálum sem tengjast þeim hugbúnaði.

- 15) Rétt þykir að innleiða undanþágu frá banninu við því að veita þjónustu á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, arkitektþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni þegar sú þjónusta er algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofu Belarús sem staðsett er í aðildarríki.
- 16) Einnig þykir rétt að víkka út gildissvið bannsins við því að taka við innlánnum þannig að það nái yfir innlán lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í þriðju löndum og sem eru í meirihlutaeigu ríkisborgara Belarús eða einstaklinga sem eru búsettir í Belarús. Auk þess þykir rétt að móttaka innlána vegna viðskipta yfir landamæri sem ekki eru bönnuð sé með fyrirvara um fyrirframheimild lögbærra innlendra stjórnvalda.
- 17) Einnig þykir rétt að leggja bann við því að veita aðilum og íbúum Belarús þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna og, í því skyni að takmarka sniðgöngu þessa banns, leggja bann við því að ríkisborgarar Belarús eða einstaklingar sem eru búsettir í Belarús, eigi eða stjórni lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem veita slíka þjónustu, eða gegni störfum í stjórnnum þeirra.
- 18) Til að auðvelda störf borgaralegs samfélags og fjölmiðla þykir rétt að innleiða undanþágu frá banni varðandi notkun í Belarús á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, þegar slíkt er nauðsynlegt vegna starfsemi borgaralegs samfélags og fjölmiðla, sem eflir með beinum hætti lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Belarús, við tiltekna aðstæður.
- 19) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða þykir enn fremur rétt að gera breytingu á banninu við vöruflytningum rekstraraðila, sem eru 25% eða meira í eigu einstaklinga eða lögaðila í Belarús, á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi. Banna ætti rekstrareiningum, sem stofnaðar eru innan Sambandsins fyrir 8. apríl 2022 og starfa þegar sem flutningafyrirtæki á vegum, að gera breytingar á fjármagnsuppbyggingu sinni sem myndu auka hundraðshluta í eigu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús nema þessi hundraðshluti haldist undir 25% í kjölfar slíkrar breytingar.
- 20) Til að berjast gegn endurútflutningi á tilteknum vörum er þess krafist að rekstraraðilar Sambandsins, sem selja, afhenda, flytja til eða flytja út slíkar vörur til þriðju landa, annarra en landanna sem skráð eru í IV. viðauka A við ákvörðun 2012/642/SSUÖ, komi til framkvæmda fyrirkomulagi áreiðanleikakannana sem geta greint og metið hættuna á slíkum endurútflutningi til Belarús og dregið úr slíkri áhættu. Enn fremur er þess krafist að rekstraraðilar í Sambandinu sjái til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða ráða yfir, komi þessum kröfum einnig til framkvæmda.
- 21) Rétt þykir að innleiða undanþágu sem heimilar að fjármunir, sem frystir voru vegna aðkomu milligöngu-banka, sem er á skrá, að millifærslu þeirra, verði affrystir, að uppfylltum þeim skilyrðum að millifærslan fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem eru ekki á skrá, og í gegnum reikninga hjá lánastofnunum sem ekki eru á skrá, sem og að innleiða undanþágu sem heimilar að fjármunir, sem frystir voru vegna aðkomu útgáfubanka, sem er á skrá, að millifærslu þeirra, verði affrystir, að uppfylltum þeim skilyrðum að millifærslan fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem ekki eru á skrá.
- 22) Loks þykir rétt að innleiða tiltekna breytingar að því er varðar ákvæði ákvörðunar 2012/642/SSUÖ, þ.m.t. ákvæði um undanþágur og frávik frá banni við útflutningi á vörum með tvíþætt notagildi og háþróaðri tækni. Þar að auki er viðeigandi að fella brott tilvísanir í umbreytingartímabil sem eru runnin út og aðrar tilvísanir sem ekki eru nauðsynlegar til að fara að tilteknum ákvæðum þeirrar ákvörðunar. Ekki er ætlunin að það að fella brott tilvísanir til umbreytingartímabila sem þegar eru úrunnin hafi nein réttaráhrif á fyrri eða yfirstandandi samninga eða á gildi þessara umbreytingartímabila.
- 23) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 4., 5. og 6. mgr. falla brott.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„14a. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 8517 62 og 8523 52 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhags-

aðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð eigi að nota fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem ekki er almennur aðgangur að.“

c) Í stað 15. mgr. kemur eftirfarandi:

„15. Við afgreiðslu beiðna um heimildir í þeim tilgangi sem um getur í 8., 9., 10., 12., 13., 14. og 14. mgr. a skulu lögbær stjórnvöld ekki veita leyfi til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar séu til hernaðarnota.“

d) Í stað 16. mgr. kemur eftirfarandi:

„16. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8., 9., 10., 12., 13., 14. og 14. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

2) Ákvæðum 2. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Með fyrirvara um kröfur um heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 skulu bönnin í 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki gilda um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum og tækni með tvíþætt notagildi eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem nota á:

- a) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- b) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu ekki á skrá í XXX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006.

Útflytjandinn skal greina frá því í tollskýrslu sinni að hlutirnir séu fluttir út samkvæmt viðkomandi undanþágu sem sett er fram í þessari málsgrein og skal tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, um fyrstu notkun viðkomandi undanþágu fyrir hvern viðtakanda í Belarús.“

b) Í 3. mgr. a eru orðin „a- til e-lið“ og „þessarar greinar“ felld brott.

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3b Aðildarríkin skulu kveða á um skýrslugjafarkröfur sem fylgja notkun undanþága skv. 3. mgr. og hvers kyns viðbótarupplýsingar um hluti sem fluttir eru út samkvæmt þessum undanþágum sem aðildarríkið, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, fer fram á.“

d) Í stað 4. mgr. og 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um kröfur um heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð séu ætlaðar:

- b) til milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlana,
- c) til reksturs, viðhalds, uppvinnslu eldsneytis og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
- f) til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða sem lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands,
- g) sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,
- h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir stjórn þeirra stjórnvalda,
- i) til uppfærslu á hugbúnaði,

- j) sem samskiptatæki fyrir neytendur eða
 - k) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu á skrá í XXX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006.
- 4a. Þrátt fyrir 1. mgr. a og með fyrirvara um kröfur um heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með tvíþætt notagildi þegar gengið hefur verið úr skugga um að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem fram kemur í b-, c-, d-, h- og k-lið 4. mgr. þessarar greinar.“
- f) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:
- „7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir sem um getur í 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:
- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun í II. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota, nema sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur vara og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé heimil skv. a-lið 1. mgr. b í 2. gr. da eða
 - ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir flug- eða geimiðnað.“
- 3) Ákvæðum 2. gr. d er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á þeim vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem nota á:
- a) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
 - b) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu ekki á skrá í XXX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006.
- Útflytjandinn skal greina frá því í tollskýrslu sinni að hlutirnir séu fluttir út samkvæmt viðkomandi undanþágu sem sett er fram í þessari málsgrein og skal tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, um fyrstu notkun viðkomandi undanþágu fyrir hvern viðtakanda í Belarús.“
- b) Í 3. mgr. a eru orðin „a- til e-lið“ felld brott.
- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „3b Aðildarríkin skulu kveða á um skýrslugjafarkröfur sem fylgja notkun undanþága skv. 3. mgr. og hvers kyns viðbótarupplýsingar um hluti sem fluttir eru út samkvæmt þessum undanþágum sem aðildarríkið, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, fer fram á.“
- d) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
- „4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð séu ætlaðar:
- b) til milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlana,
 - c) til reksturs, viðhalds, uppvinnslu eldsneytis og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
 - d) til siglingaöryggis,
 - e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
 - f) til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða sem lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands,
 - g) sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,

- h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir stjórn þeirra stjórnvalda,
 - j) til uppfærslu á hugbúnaði,
 - k) sem samskiptatæki fyrir neytendur eða
 - l) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu á skrá í XXX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006.“
- e) Ákvæði 4. mgr. a og 5. mgr. a falla brott.
- f) Í stað orðanna „b-, c-, d- og h-lið“ í 4. mgr. b koma orðin „b-, c-, d-, h- og l-lið“.
- g) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:
- „7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir sem um getur í 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:
- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun í II. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota, nema sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur vara og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé heimil skv. a-lið 1. mgr. b í 1. gr. da, eða
 - ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir flug- eða geimiðnað.“
- 4) Ákvæðum 2. gr. da er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni með tvíþætt notagildi og á vörum og tækni sem eru skráð í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 765/2006, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í II. viðauka.“
- b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:
- „1a. Lagt er bann við því að:
- a) veita einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem er á skrá í II. viðauka, beint eða óbeint tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni,
 - b) veita einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem er á skrá í II. viðauka, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti eða
 - c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í II. viðauka.
- 1b. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a og með fyrirvara um kröfur um heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld einungis heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi og þeirra vara og tækni sem eru á skrá í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 765/2006, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað:
- a) að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða
 - b) að samkvæmt samningum sem gerðir voru fyrir 26. febrúar 2022, eða fylgisamningum sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíks samnings, eigi að afhenda slíkar vörur eða tækni eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð, að því tilskildu að farið sé fram á heimildina fyrir 1. maí 2022.“
- 5) Eftirfarandi grein bætist við:
- „2. gr. ed
1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi, útflutningi eða útvegum, með beinum eða óbeinum hætti, á hugbúnaði til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.

2. Lagt er bann við því að:
- veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist sölu, afhendingu, tilflutningi, útflutningi eða útvegum á hugbúnaði, sem um getur í 1. mgr., beint eða óbeint, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist sölu, afhendingu, tilflutningi, útflutningi eða útvegum á hugbúnaði sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi eða
 - selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast sölu, afhendingu, tilflutningi, útflutningi eða útvegum á hugbúnaði sem um getur í 1. mgr., með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi.
3. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða útvegum á hugbúnaði sem er nauðsynlegur vegna efnda, til 26. maí 2025, á samningum sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.
4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við-eigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning og veitingu tækni- og fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins.
5. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.
6. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir falla undir þessa grein.“
- 6) Í 2. gr. ec fellur 3. mgr. brott.
- 7) Í 2. gr. f fellur 5. mgr. brott.
- 8) Ákvæðum 2. gr. hc er breytt sem hér segir:
- Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:
„2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkja-gerðar, arkitektþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsinga-tækni.“
 - Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:
„5. Lagt er bann við því að:
- veita Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum, eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-mælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, beint eða óbeint tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist því að útvega vörur og veita þjónustu sem um getur í 1.–4. mgr.,
 - veita Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum, eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-mælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, beint eða óbeint fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist því að útvega vörur og veita þjónustu sem um getur í 1.–4. mgr. eða veita tengda tækni-aðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu,
 - selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 4. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint, til handa Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-mælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar.“
- Ákvæði 6. mgr. falla brott.
 - Ákvæði 9. mgr. falla brott.
 - Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„12a. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í henni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofu Belarús sem staðsett er í aðildarríki.“

f) Ákvæðum 13. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi kemur í stað g- og h-liðar:

„g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Belarús, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Belarús og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu,

h) til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða samstarfslands eins og skráð er í IV. viðauka eða“

ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„i) vegna yfirstandandi byggingar á grunnvirkjum sem eru allt að 25 m á hæð og nauðsynleg til afhendingar og dreifingar á orku í almannapágu til mennta- og heilbrigðisstofnana.“

9) Í 2. gr. o fellur 2. mgr. brott.

10) Í 2. gr. p fellur 2. mgr. brott.

11) Í 2. gr. q fellur 2. mgr. brott.

12) Í 2. gr. r fellur 2. mgr. brott.

13) Ákvæðum 2. gr. ra er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 9. mgr. falla brott.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„9a. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7601 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 26. maí 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

14) Ákvæðum 2. gr. s er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3aa Þrátt fyrir 1. mgr. og með fyrirvara um kröfur um heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vélbúnaði sem fellur undir SN-númer 8471 80 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkan vélbúnað eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð eigi að nota fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem ekki er almennur aðgangur að.“

c) Í stað 3. mgr. b kemur eftirfarandi:

„3b Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. a og 3. mgr. aa innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

15) Í 2. gr. sa fellur 5. mgr. brott.

16) Ákvæðum 2. gr. t er breytt sem hér segir:

a) Í 2. mgr. fellur b-liður brott.

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að látin sé í té opinber fjármögnun eða fjárhagsaðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja með staðfestu í Sambandinu, að heildarvirði allt að 10 000 000 evrum á verkefni.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

17) Ákvæðum 2. gr. u er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að taka við innlánum frá ríkisborgurum Belarús eða einstaklingum sem eru búsettir í Belarús, eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Belarús eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem ríkisborgarar Belarús eða einstaklingar sem eru búsettir í Belarús eiga yfir 50% eignarhlut í, ef heildarvirði innlána þess einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á hverja lánastofnun fer yfir 100 000 evrur.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„1a. Lagt er bann við því að veita ríkisborgurum Belarús eða einstaklingum sem eru búsettir í Belarús, eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Belarús, þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna.

1b. Lagt er bann við því, frá og með 26. mars 2025, að heimila ríkisborgurum Belarús eða einstaklingum sem eru búsettir í Belarús að eiga eða stjórna, með beinum eða óbeinum hætti, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir þá þjónustu sem um getur í 1. mgr. a, eða gegna störfum í stjórnnum þeirra.“

c) Í 2. mgr. stað koma orðin „Ákvæði 1. mgr., 1. mgr. a og 1. mgr. b“ í stað orðanna „Ákvæði 1. mgr.“

d) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

e) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu þjónustu tengda veski, reikningi eða fjárvörslu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veiting veskis-, reiknings- eða fjárvörsluþjónustu sé:“

ii. Í c-lið fellur orðið „eða“ brott.

iii. Eftirfarandi liðum er bætt við:

„e) eingöngu ætluð til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða

f) nauðsynleg fyrir viðskipti með vörur og þjónustu yfir landamæri, sem eru ekki bönnuð, milli Sambandsins og Belarús.“

f) Í stað inngangsorðanna í 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Þrátt fyrir 1. mgr. og 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu þjónustu tengda veski, reikningi eða fjárvörslu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veiting veskis-, reiknings- eða fjárvörsluþjónustu sé.“

18) Í stað 2. mgr. í 2. gr. x kemur eftirfarandi:

„2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur sé nauðsynlegur:

a) til persónulegra nota einstaklinga sem ferðast til Belarús eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim,

b) til nota í opinberum tilgangi af hálfu sendiskrifstofa, ræðisstofnana eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti eða

c) vegna starfsemi borgaralegs samfélags og fjölmiðla sem eflir með beinum hætti lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Belarús og fá opinbera styrki frá Sambandinu, aðildarríkjum eða löndum á skrá í V. viðauka ba við reglugerð (EB) nr. 765/2006.“

19) Ákvæðum 2. gr. z er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. b kemur eftirfarandi:

„1b Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu, sem er yfir 25% í eigu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar Belarús, að verða flutningafyrirtæki á vegum sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi.

Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem stofnuð er innan Sambandsins fyrir 8. apríl 2022 og sem starfar þegar sem flutningafyrirtæki á vegum, sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi, að gera breytingar á fjármagnsuppbyggingu sinni sem myndu auka

hundraðshluta í eigu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar Belarús nema þessi hundraðshluti haldist undir 25% í kjölfar slíkrar breytingar.“

b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

20) Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari aðilar sem skráðir eru í I. viðauka sem:

- a) bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Belarús og allir aðilar sem tengjast þeim,
- b) njóta góðs af eða styðja við einræðisstjórn Lukashenko,
- c) skipuleggja eða stuðla að aðgerðum einræðisstjórnar Lukashenko sem liðka fyrir:
 - i. ólögmætri för yfir ytri landamæri Sambandsins eða
 - ii. tilflutningi á bönnuðum vörum og ólögmætum tilflutningi á vörum sem sæta takmörkunum, þ.m.t. hættulegum vörum, inn á yfirráðasvæði aðildarríkis,eða
- d) eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega, eða njóta góðs af hergagnaiðnaði Belarús, þ.m.t. með því að taka þátt í þróun, framleiðslu eða afhendingu hernaðartækni og herbúnaðar.“

21) Ákvæðum 1. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við:

„da) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega, eða njóta góðs af hergagnaiðnaði Belarús, þ.m.t. með því að taka þátt í þróun, framleiðslu eða afhendingu hernaðartækni og herbúnaðar,“.

b) Í stað e- og f-liðar kemur eftirfarandi:

- „e) lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir í eigu eða undir stjórn aðila, rekstrareininga eða stofnana sem falla undir a-lið eða da-lið,
- f) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í liðum b-, c-, d- eða da-lið.“

22) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. b

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. þessarar ákvörðunar, og að því tilskildu að fjármunirnir sem um ræðir hafi verið frystir vegna aðkomu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í I. viðauka við þessa ákvörðun, eða lögaðila sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í þeim viðauka, sem kom fram sem milligöngubanki við millifærslu þessara fjármuna til Sambandsins frá Lýðveldinu Belarús, frá þriðja landi eða frá Sambandinu, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að tilteknir frystir fjármunir verði affrystir eftir að hafa ákvarðað að millifærsla þeirra:

- a) fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru ekki á skrá í I. viðauka við þessa ákvörðun,
- b) fari fram í gegnum reikninga hjá lánastofnunum sem ekki eru á skrá í I. viðauka við þessa ákvörðun og
- c) sé ekki brot á 2. mgr. 4. gr. eða 2. gr. k í þessari ákvörðun.

Þessi málsgrein gildir ekki í tengslum við frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í vörslu verðbrefa-miðstöðva í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

2. Þrátt fyrir 4. gr. þessarar ákvörðunar, og að því tilskildu að greiðslan sem um ræðir hafi verið fryst vegna millifærslu til Sambandsins frá Lýðveldinu Belarús, frá þriðja landi eða frá Sambandinu, sem framkvæmd var í gegnum eða frá lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í I. viðauka við þessa ákvörðun, eða í gegnum eða frá lögaðila sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í þeim viðauka, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að þessi frysta greiðsla verði affryst eftir að hafa ákvarðað að millifærsla hennar:

- a) fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru ekki á skrá í I. viðauka við þessa ákvörðun og
- b) sé ekki brot á 2. mgr. 4. gr. eða 2. gr. k í þessari ákvörðun.

Þessi málsgrein gildir ekki í tengslum við frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í vörslu verðbréfamíðstöðva í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

Eingöngu ríkisborgarar í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss eða einstaklingar sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, geta verið réttthafar millifærslu eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Veita má hverjum umsækjanda eina heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan einnar viku frá því að hún er veitt.“

- 23) Í stað 4. mgr. 6. gr. a kemur eftirfarandi:

„4. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfírvöld, tollyfírvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013, lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽³⁾ og tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽⁴⁾ og (ESB) 2014/65⁽⁵⁾, sem og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu eins og um getur í tilskipun (ESB) 2015/849 og stjórnendur opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, ásamt lausafé og fasteignum, eru skráð, skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum og, ef nauðsyn krefur, upplýsingum sem um getur í 6. gr. b, við önnur lögbær stjórnvöld síns aðildarríkis, lögbær stjórnvöld annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni stjórnvaldsins sem annast vinnslu eða viðtökustjórnvaldsins samkvæmt þessari ákvörðun, einkum þegar þau verða vör við brot, sniðgöngu eða tilraunir til brota eða sniðgöngu á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari ákvörðun. Þetta ákvæði er með fyrirvara um reglur varðandi trúnað um upplýsingar í vörslu dómsyfíralda.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2012/642/oj>).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/356 frá 2. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjtið ESB L 67, 2.3.2022, bls. 103, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/356/oj>).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagreiningu og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/65/oj>).

Fylgiskjal 2.43.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/392****frá 24. febrúar 2025****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/391 frá 24. febrúar 2025 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 18. maí 2006 samþykkti ráðið reglugerð (EB) nr. 765/2006⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 koma til framkvæmda þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ⁽³⁾.
- 3) Hinn 24. febrúar 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/391.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 er styrkt bann við útflutningi á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, sem eru á skrá í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 ⁽⁴⁾, og á vörum og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu á sviði varnar- og öryggismála í Belarús, sem eru á skrá í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 765/2006, gagnvart rekstrareiningum á skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem sett er fram í II. viðauka við ákvörðun 2014/642/SSUÖ.
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 er aukið við skrána yfir hluti sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa Belarús, þ.m.t. kemísk forefni fyrir óeirðastjórnunarefni, hugbúnaður í tengslum við tölvu-stýringarvélur, krómgrýti og -sambönd og stjórnbúnaður til að leiðbeina ómönnuðum loftförum.
- 6) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 eru lögð frekari útflutningshöft á vörur sem gætu stuðlað að því að auka getu Belarús á sviði iðnaðar, s.s. frumefni, flugeldavörur og brennanleg efni.
- 7) Enn fremur, til að lágmarka hættu á að þvingunaraðgerðir verði sniðgengnar er skráin yfir vörur og tækni, sem falla undir bann við umflutningi um yfirráðasvæði Belarús á vélbúnaði og vörum sem gætu einkum stuðlað að því að efla getu Belarús á sviði iðnaðar, vikkuð út með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391.
- 8) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 eru veittar undanþágur að því er varðar útvegum tiltekinnara vara og vélbúnaðar sem nauðsynlegur er fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem ekki er almennur aðgangur að.
- 9) Auk þess eru með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 innleiddar frekari takmarkanir á innflutningi á hráali sem gera það mögulegt fyrir Belarús að auka fjölbreytni tekjulinda sinna og gera því þar með kleift að taka þátt í árásum Rússa gegn Úkraínu.
- 10) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 eru lagðar takmarkanir á sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða útvegum hugbúnaðar sem tengist olíu- og gasleit til að takmarka enn frekar olíu- og gasleit og framleiðslu-getu Belarús og lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða um yfirráðasvæði Belarús.
- 11) Til að koma í veg fyrir að rekstraraðilar í Sambandinu leggi til þróunar á grunnvirkjum Belarús er í ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 sett fram bann við veitingu þjónustu á sviði byggingastarfsemi, þ.m.t. mannvirkjagerðar.
- 12) Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða útvega Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opin-berum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum, eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra, með beinum eða óbeinum hætti, hugbúnað til fyrirtækjastjórnunar og hugbúnað til hönnunar og framleiðslu á sviði iðnaðar. Í ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 er gerð grein fyrir því að bann er lagt við sölu, leyfisveitingum eða annars konar framsali á hugverkaréttindum eða viðskiptaleyndarmálum sem tengjast þeim hugbúnaði.
- 13) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 er innleidd undanþága frá banninu við því að veita þjónustu á sviði byggingarframkvæmda og mannvirkjagerðar, arkitektþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og

ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni þegar sú þjónusta er algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis-eða sendiskrifstofu Belarús sem staðsett er í aðildarríki.

- 14) Ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 vikkar út gildissvið bannsins við því að taka við innstæðum þannig að það nái yfir innstæður lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í þriðju löndum og í meirihlutaeigu ríkisborgara Belarús eða einstaklinga sem hafa búsetu í Belarús. Auk þess setur hún það skilyrði fyrir móttöku innlána vegna viðskipta yfir landamæri sem ekki eru bönnuð að fengist hafi fyrirframheimild lögbærra innlendra stjórnvalda.
- 15) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 er einnig lagt bann við því að veita aðilum og íbúum Belarús þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna og, í því skyni að takmarka sniðgöngu þessa banns, lagt bann við því að veita ríkisborgurum Belarús eða einstaklingum sem eru búsettir í Belarús og eiga eða stjórna slíkum lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum eða gegna störfum í stjórnnum þeirra, slíka þjónustu.
- 16) Til að auðvelda störf borgaralegs samfélags og fjölmiðla er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 einnig innleidd undanþága frá banni við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er til Belarús eða til notkunar þar, þegar slíkt er nauðsynlegt til notkunar í borgaralegu samfélagi og fjölmiðlastarfsemi sem efla með beinum hætti lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Belarús við tiltekna aðstæður.
- 17) Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 gerð breyting á banninu við vöruflytningum rekstraraðila, sem eru 25% eða meira í eigu einstaklinga eða lögaðila frá Belarús, á vegum innan yfirráðasvæðis Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi. Banna ætti rekstrareiningum, sem fengið hafa staðfestu innan Sambandsins fyrir 8. apríl 2022 og starfa þegar sem flutningafyrirtæki á vegum, að gera breytingar á fjármagnsuppbyggingu sinni sem myndu auka hundraðshluta í eigu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar frá Belarús nema þessi hundraðshluti haldist undir 25% í kjölfar slíkrar breytingar.
- 18) Í ákvörðun 2012/642/SSUÖ er kveðið á um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og lagt bann við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan tilgreindum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 eru innleiddar viðbótar viðmiðanir sem eiga við um þá sem eru hluti af, styðja, efnislega eða fjárhagslega, eða njóta góðs af hergagnaiðnaði Belarús.
- 19) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 er innleidd undanþága sem heimilar að fjármunir, sem frystir voru vegna aðkomu milligöngubanka, sem er á skrá, í millifærslu þeirra, verði affrystir, með þeim skilyrðum að millifærslan fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem ekki eru á skrá, og í gegnum reikninga hjá lánastofnunum sem ekki eru á skrá. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 er einnig innleidd undanþága sem heimilar að fjármunir, sem frystir voru vegna aðkomu útgáfubanka, sem er á skrá, í millifærslu þeirra verði affrystir, að uppfylltum þeim skilyrðum að millifærslan fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem ekki eru á skrá.
- 20) Ef það er nauðsynlegt til að berjast gegn sniðgöngu þeirra banna, sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006, ætti framkvæmdastjórnin að geta skipst á upplýsingum um verslun, viðskipti og rekstraraðila í þriðju löndum við lögbær stjórnvöld landa sem beita svipuðum þvingunaraðgerðum.
- 21) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽⁵⁾ er tilteknum tegundum rekstrareininga, nánar tiltekið tilkynningarskyldum rekstrareiningum sem settar eru fram í 1. mgr. 2. gr. hennar, skylt að tilkynna um grunsamleg viðskipti til skrifstofa fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkjunum. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226⁽⁶⁾ var broti á þvingunaraðgerðum Sambandsins bætt á skrána yfir frumbrot sem sett er fram í 1. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1673⁽⁷⁾. Vegna þeirrar viðbótar og skv. 33. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 frá og með maí 2025 verður tilkynningarskyldum aðilum skylt að tilkynna skrifstofum fjármálagreininga lögreglu um öll grunsamleg viðskipti í tengslum við grun um brot gegn þvingunaraðgerðum Sambandsins. Enn fremur er þess krafist í 8. gr. j í reglugerð (EB) nr. 765/2006 að einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir veiti lögbæru stjórnvaldi í því aðildarríki þar sem þeir eða þau eru búsett eða staðsett hvers kyns upplýsingar sem myndu greiða fyrir framkvæmd þeirrar reglugerðar innan tveggja vikna frá því að þeirra var aflað og að þau vinni með lögbæra stjórnvaldinu að hvers kyns sannprófunum á slíkum upplýsingum. Til að komast hjá tvöfaldri skýrslugjöf geta aðildarríkin ákveðið að þessum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum sé ekki skylt að gefa lögbærum stjórnvöldum, öðrum en skrifstofum fjármálagreininga lögreglu, skýrslu með sömu upplýsingum.
- 22) Til að tryggja rétta framkvæmd þvingunaraðgerða og fullnægjandi vernd rekstraraðila í Sambandinu þykir rétt, skv. 8. gr. h í reglugerð (EB) nr. 765/2006, að rekstraraðilar í Sambandinu eigi, með málarekstri fyrir lögbærum dómstólum aðildarríkis, rétt á að fara fram á skaðabætur vegna tiltekins beins eða óbeins tjóns

sem þeir verða fyrir vegna krafna sem rekstrareiningar eða aðilar, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. d þeirrar reglugerðar, m.a. vegna tjóns sem lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem eru í eigu eða undir stjórn þessara rekstraraðila í Sambandinu hafa orðið fyrir, með fyrirvara um landsreglur um bann við tvöfaldri endurheimt. Að auki ættu rekstraraðilar í Sambandinu að geta farið fram á skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna þeim rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í 1. mgr. 8. gr. d reglugerðar (EB) nr. 765/2006. Í aðstæðum þar sem Belarús eða annað þriðja land gerir ráðstafanir til að hindra að farið sé að reglugerð (EB) nr. 765/2006 má líta svo á að rekstraraðilar í Sambandinu séu í reynd sviptir því að hafa virkan aðgang að úrræðum í þessum innlendu lögsögum.

- 23) Til að tryggja skilvirka framkvæmd þvingunaraðgerða og ráða bót á mögulegum aðstæðum þar sem aðgangur að réttarkerfinu er ekki fyrir hendi þykir rétt að kveða á um *forum necessitatis* til að gera dómstóli í aðildarríki kleift, í undantekningartilvikum, að úrskurða um skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 8. gr. h í reglugerð (EB) nr. 765/2006 þegar lög Sambandsins eða lög aðildarríkis kveða ekki á um að dómstóll í tilteknu aðildarríki hafi lögsögu. Þó ætti eingöngu að nýta lögsögu sem byggist á *forum necessitatis* þegar mál hefur fullnægjandi tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín, t.d. þegar kröfuhafinn hefur lögheimili í því aðildarríki eða er skráður þar samkvæmt lögum.
- 24) Rétt þykir að auka samstarf milli lögbærra innlendra stjórnvalda, m.a. með því að styrkja hlutverk skrifstofa fjármálagreininga lögreglu við upplýsingaskipti sem máli skipta hvað varðar framkvæmd og framfylgd þeirra þvingunaraðgerða sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 765/2006.
- 25) Í ljósi þess hversu mikilvægt er að rekstraraðilar í Sambandinu fari að ákvæðum þvingunaraðgerða þeirra ætti framkvæmdastjórnin að veita þeim aðstoð sem auðveldar þeim að fara að tilskildum ákvæðum, einkum þar sem slík reglufylgni myndi útheimta umtalsverð tilföng og þar sem miðlægur stuðningur gæti bætt skilvirkni. Þetta á einkum við í tengslum við áreiðanleikakönnunina sem krafist er að rekstraraðilar í Sambandinu geri í tengslum við mögulega viðskiptafélaga. Framkvæmdastjórnin ætti að geta unnið nauðsynlegar persónuupplýsingar í því skyni.
- 26) Til að berjast gegn endurútflytningi á tilteknum vörum er þess krafist samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 að rekstraraðilar Sambandsins, sem selja, afhenda, flytja til eða flytja út slíkar vörur til þriðju lands, annarra en landanna sem eru á skrá í V. viðauka ba við reglugerð (EB) nr. 765/2006, komi til framkvæmda fyrirkomulagi áreiðanleikakannana sem geta greint og metið áhættu af slíkum endurútflytningi til Belarús og dregið úr slíkri áhættu. Enn fremur er þess krafist samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 að rekstraraðilar í Sambandinu sjái til þess að lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir með staðfestu utan Sambandsins, sem þeir eiga eða stjórna, komi þessum kröfum einnig til framkvæmda.
- 27) Loks eru í ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 gerðar tiltekna breytingar á undanþágum og frávikum frá banni við útflutningi á vörum með tvíþætt notagildi og háþróaðri tækni. Þar að auki eru í ákvörðun (SSUÖ) 2025/391 tilvísanir í umbreytingartímabil sem eru runnin út og aðrar tilvísanir, sem ekki eru nauðsynlegar til að fara að tilteknum ákvæðum ákvörðunar 2012/642/SSUÖ, felldar brott. Ekki er ætlunin að það að fella brott tilvísanir til umbreytingartímabila sem þegar eru útrunnin hafi nein réttaráhrif á fyrri eða yfirstandandi samninga eða á gildi þessara umbreytingartímabila. Enn fremur þykir rétt að gera í þessari reglugerð tiltekna tæknilegar breytingar til að bæta nákvæmni og skýrleika málfars í tilteknum ákvæðum í reglugerð (EB) nr. 765/2006, þ.m.t. þeim sem eiga við um persónuupplýsingar og skjöl í vörslu stofnana Sambandsins.
- 28) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 29) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. bb er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæði 4., 5. og 6. mgr. falla brott.
- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„14a. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 8517 62 og 8523 52 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð eigi að nota fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem ekki er almennur aðgangur að.“

c) Í stað 15. mgr. kemur eftirfarandi:

„15. Við afgreiðslu beiðna um heimildir í þeim tilgangi sem um getur í 8., 9., 10., 12., 13., 14. og 14. mgr. a skulu lögbær stjórnvöld ekki veita leyfi til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmæta ástæðu til að ætla að vörurnar séu til hernaðarnota.“

d) Í stað 16. mgr. kemur eftirfarandi:

„16. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8., 9., 10., 12., 13., 14. og 14. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

2) Ákvæðum 1. gr. e er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. og 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3. Með fyrirvara um kröfur um heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 skulu bönnin í 1. og 2. mgr. þessarar greinar ekki gilda um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vörum og tækni með tvíþætt notagildi eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem nota á:

- a) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- b) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu ekki á skrá í XXX. viðauka við þessa reglugerð.

Útflytjandinn skal greina frá því í tollskýrslu sinni að hlutirnir séu fluttir út samkvæmt viðkomandi undanþágu sem sett er fram í þessari málsgrein og skal tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem útgefandinn er heimilisfastur eða hefur staðfestu, um fyrstu notkun viðkomandi undanþágu fyrir hvern viðtakanda í Belarús.

3a. Með fyrirvara um kröfur vegna heimilda samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 gildir bannið í 1. mgr. a í þessari grein ekki um umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með tvíþætt notagildi sem nota á í þeim tilgangi sem fram kemur í 3. mgr. þessarar greinar.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3b Aðildarríkin skulu kveða á um skýrslugjafarkröfur sem fylgja notkun undanþága skv. 3. mgr. og hvers kyns viðbótarupplýsingar um hluti sem fluttir eru út samkvæmt þessum undanþágum sem aðildarríkið, þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, fer fram á.“

c) Í stað 4. mgr. og 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um kröfur um heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð séu ætlaðar:

- b) til milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlaða,
- c) til reksturs, viðhalds, uppvinnslu eldsneytis og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- d) til siglingaöryggis,
- e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
- f) til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða sem lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands,
- g) sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,
- h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir stjórn þeirra stjórnvalda,
- i) til uppfærslu á hugbúnaði,
- j) sem samskiptatæki fyrir neytendur eða

k) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu á skrá í XXX. viðauka við þessa reglugerð.

4a) Þrátt fyrir 1. mgr. a og með fyrirvara um kröfur vegna heimilda samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni með þvíþætt notagildi þegar gengið hefur verið úr skugga um að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem fram kemur í b-, c-, d-, h- og k-lið 4. mgr. þessarar greinar.“

d) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir sem um getur í 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:

- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun á skrá í V. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota, nema sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur vara og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé heimil skv. a-lið 1. mgr. b í 1. gr. fa, eða
- ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir flug- eða geimiðnað.“

3) Ákvæðum 1. gr. f er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. og 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3. Bönnin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á þeim vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- og fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, sem nota á:

- a) í mannúðarskyni, vegna neyðarástands í heilbrigðismálum, til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum eða
- b) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu ekki á skrá í XXX. viðauka við þessa reglugerð.

Útflýgjandinn skal greina frá því í tollskýrslu sinni að hlutimir séu fluttir út samkvæmt viðkomandi undanþágu sem sett er fram í þessari málsgrein og skal tilkynna lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem útgefandinn er heimilisfastur eða hefur staðfestu, um fyrstu notkun viðkomandi undanþágu fyrir hvern viðtakanda í Belarús.

3a) Bannið í 1. mgr. a gildir ekki um umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, sbr. skrá í V. viðauka a, sem ætlaðar eru til þeirra nota sem um getur í 3. mgr.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3b Aðildarríkin skulu kveða á um skýrslugjafarkröfur sem fylgja notkun undanþága skv. 3. mgr. og hvers kyns viðbótarupplýsingar um hluti sem fluttir eru út samkvæmt þessum undanþágum sem aðildarríkið, þar sem útflýgjandinn er búsettur eða hefur staðfestu, fer fram á.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð séu ætlaðar:

- b) til milliríkjasamstarfs á sviði geimferðaáætlana,
- c) til reksturs, viðhalds, uppvinnslu eldsneytis og öryggis kjarnorkugetu til borgaralegra nota, sem og samstarfs um kjarnorku til borgaralegra nota, einkum á sviði rannsókna og þróunar,
- d) til siglingaöryggis,
- e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem ekki er almennur aðgangur að, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir yfirráðum eða meira en 50% í eigu hins opinbera,
- f) til einkanota rekstrareininga sem eru í eigu eða sem lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis eða samstarfslands,
- g) sendiskrifstofum Sambandsins, aðildarríkja og samstarfslanda, þ.m.t. sendinefndum, sendiráðum og fastanefndum,

- h) til að tryggja netöryggi og upplýsingaöryggi fyrir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í Belarús, þó ekki fyrir stjórnvöld og fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir stjórn þeirra stjórnvalda,
 - j) til uppfærslu á hugbúnaði,
 - k) sem samskiptatæki fyrir neytendur eða
 - l) vegna lækninga eða lyfja, að því tilskildu að þau séu á skrá í XXX. viðauka við þessa reglugerð.“
- d) Ákvæði 4. liðar a falla brott.
- e) Í stað 4. mgr. b kemur eftirfarandi:
- „4b Þrátt fyrir 1. mgr. a geta lögbær stjórnvöld heimilað umflutning um yfirráðasvæði Belarús á vörum og tækni, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Belarús eða að þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, sbr. skrá í V. viðauka a, eftir að hafa ákvarðað að nota eigi slíkar vörur eða tækni í þeim tilgangi sem settur er fram í b-, c-, d-, h- og l-lið 4. mgr.“
- f) Ákvæði 5. liðar a falla brott.
- g) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:
- „7. Við afgreiðslu beiðna um heimildir sem um getur í 4. og 5. mgr. skulu lögbær stjórnvöld ekki veita heimild ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að:
- i. endanlegur notandi geti verið á hernaðarlegu sviði, einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun á skrá í V. viðauka eða vörurnar geti verið til hernaðarlegra nota, nema sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur vara og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé heimil skv. a-lið 1. mgr. b í 1. gr. fa, eða
 - ii. sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur á vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, sé ætluð fyrir flug- eða geimiðnað.“
- 4) Ákvæðum 1. gr. fa er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni með tvíþætt notagildi og á vörum og tækni sem eru á skrá í V. viðauka a, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í V. viðauka.“
- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „1a. Lagt er bann við því að:
- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í V. viðauka,
 - b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist veitingu tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í V. viðauka eða
 - c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur í 1. mgr. og við því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í V. viðauka.
- 1b. Þrátt fyrir 1. mgr. a og með fyrirvara um kröfur varðandi heimildir samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara og tækni með tvíþætt notagildi og þeirra vara og tækni sem eru á skrá í V. viðauka a, eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað:
- a) að slíkar vörur eða tækni eða tengd tækni- eða fjárhagsaðstoð sé nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða
 - b) að samkvæmt samningum sem gerðir voru fyrir 26. febrúar 2022, eða fylgisamningum sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíks samnings, eigi að afhenda slíkar vörur eða tækni eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð, að því tilskildu að farið sé fram á heimildina fyrir 1. maí 2022.“

- 5) Í stað 1. mgr. 1. gr. fc kemur eftirfarandi:

„1. Lögbær stjórnvöld skulu án tafar skiptast á upplýsingum um beitingu 1. gr. e, 1. gr. f og 1. gr. fa við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina, þ.m.t. um veittar heimildir eða synjanir og, ef grunur leikur á um að verið sé að leita að hentugu varnarþingi eða í öðrum tilvikum, ef við á, um beiðnir um heimildir sem hafa borist.

Lögbær stjórnvöld skulu skiptast á upplýsingum um framfylgd 1. gr. e, 1. gr. f og 1. gr. fa við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina, þ.m.t. um tengd brot og viðurlög, sem og bestu starfsvenjur landsbundinna fullnustuyfirvalda og um að koma upp um og saksækja fyrir óleyfilegan útflutning. Upplýsingaskiptin skulu fara fram með notkun rafræna kerfisins sem kveðið er á um í 6. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2021/821.“

- 6) Í 1. gr. gc fellur 3. mgr. brott.

- 7) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. gd

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi, útflutningi eða útvegum, með beinum eða óbeinum hætti, hugbúnaðar, sem er á skrá í XXXII. viðauka, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar í Belarús.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist sölu, afhendingu, tilflutningi, útflutningi eða útvegum hugbúnaðar, sem um getur í 1. mgr., beint eða óbeint, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar í Belarús,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist sölu, afhendingu, tilflutningi, útflutningi eða útvegum hugbúnaðar sem um getur í 1. mgr. eða veitingu tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar í Belarús eða
- c) elja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast sölu, afhendingu, tilflutningi, útflutningi eða útvegum hugbúnaðar sem um getur í 1. mgr., með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar í Belarús.

3. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning, útflutning eða útvegum á hugbúnaði sem er nauðsynlegur vegna efnda, til 26. maí 2025, á samningum sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamningum sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

4. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning og veitingu tækni- og fjárhagsaðstoðar, eftir að hafa ákvarðað að það sé nauðsynlegt til að tryggja mikilvægar orkubirgðir innan Sambandsins.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

- 8) Í 1. gr. h fellur 4. mgr. brott.

- 9) Ákvæðum 1. gr. jc er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að veita, beint eða óbeint, þjónustu á sviði byggingarframkvæmda og mannvirkjagerðar, arkitektþjónustu og verkfræðiþjónustu, lögfræðiráðgjöf og ráðgjafarþjónustu á sviði upplýsingatækni.“

- b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Lagt er bann við því að:

- a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og þjónustu sem um getur í 1.–4. mgr., vegna veitingar þeirra með beinum eða óbeinum hætti til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir förmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar,
- b) veita fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist vörum og þjónustu sem um getur í 1.–4. mgr., vegna veitingar þeirra eða veitingar tengdrar tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með

- beinum eða óbeinum hætti, til Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa, eða til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar eða
- c) selja, veita leyfi fyrir eða framselja með öðrum hætti hugverkarétt eða viðskiptaleyndarmál, sem og að veita rétt til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast hugbúnaði sem um getur í 4. mgr. og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þann hugbúnað, beint eða óbeint, til handa Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum eða einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum slíks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar.“
- c) Ákvæði 6. mgr. falla brott.
- d) Ákvæði 9. mgr. falla brott.
- e) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „12a. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað þá þjónustu sem um getur í henni, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að hún sé algerlega nauðsynleg vegna starfsemi ræðis- eða sendiskrifstofu Belarús sem staðsett er í aðildarríki.“
- f) Ákvæðum 13. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Eftirfarandi kemur í stað g- og h-liðar:
- „g) vegna veitingar fjarskiptafyrirtækja í Sambandinu á rafrænni fjarskiptaþjónustu sem þarf vegna reksturs, viðhalds og öryggis, þ.m.t. netöryggis, rafrænnar fjarskiptaþjónustu í Belarús, í Úkraínu, í Sambandinu, milli Belarús og Sambandsins og milli Úkraínu og Sambandsins og vegna gagnaversþjónustu í Sambandinu,
- h) til einkanota lögaðila, rekstrareininga eða stofnana með staðfestu í Belarús sem eru í eigu eða lúta einvörðungu eða sameiginlegri stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss eða samstarfslands sem er á skrá í V. viðauka b eða“.
- ii. Eftirfarandi liður bætist við:
- „i. vegna yfirstandandi byggingar á grunnvirkjum sem eru allt að 25 m á hæð og nauðsynleg til afhendingar og dreifingar á orku í almannapágu til mennta- og heilbrigðisstofnana.“
- 10) Í 1. gr. o fellur 2. mgr. brott.
- 11) Í 1. gr. p fellur 2. mgr. brott.
- 12) Í 1. gr. q fellur 2. mgr. brott.
- 13) Í 1. gr. r fellur 2. mgr. brott.
- 14) Ákvæðum 1. gr. ra er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæði 9. mgr. falla brott.
- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „9a. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 7601 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 26. maí 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. febrúar 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“
- 15) Ákvæðum 1. gr. s er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæði 3. mgr. falla brott.
- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „4a. Þrátt fyrir 1. mgr. og með fyrirvara um kröfur um heimild samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/821 geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á vélbúnaði sem fellur undir SN-númer 8471 80 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar, til annarra nota en hernaðarlegra nota og til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu, eftir að hafa ákvarðað að slíkan vélbúnað eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð eigi að nota fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem ekki er almennur aðgangur að.“
- c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 4. mgr. og 4. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

16) Í 1. gr. sa fellur 5. mgr. brott.

17) Ákvæðum 1. gr. t er breytt sem hér segir:

a) Í 2. mgr. fellur b-liður brott.

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að láttin sé í té opinber fjármögnun eða fjárhagsaðstoð í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja með staðfestu í Sambandinu, að heildarvirði allt að 10 000 000 evrum á verkefni.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

18) Í stað 1. gr. u kemur eftirfarandi:

„1. gr. u

1. Lagt er bann við því að taka við innstæðum frá ríkisborgurum eða einstaklingum sem eru búsettir í Belarús, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Belarús eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu utan Sambandsins, sem ríkisborgarar eða einstaklingar sem eru búsettir í Belarús eiga yfir 50% eignarhlut í, beint eða óbeint, ef heildarvirði innstæðna þess einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á hverja lánastofnun er umfram 100 000 evrur.

2. Lagt er bann við því að veita ríkisborgurum Belarús eða einstaklingum sem eru búsettir í Belarús, eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Belarús, þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna.

3. Lagt er bann við því, frá og með 26. mars 2025, að heimila ríkisborgurum Belarús eða einstaklingum með búsetu í Belarús að eiga eða stjórna, með beinum eða óbeinum hætti, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir þá þjónustu sem um getur í 2. mgr., eða gegna störfum í stjórnun þeirra.

4. Ákvæði 1., 2 og 3. mgr. gilda ekki um ríkisborgara aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahags-svæðinu eða Sviss eða um einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss.“

19) Í stað 1. gr. v kemur eftirfarandi:

„1. gr. v

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 1. gr. u geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu þjónustu tengda veski, reikningi eða fjárvörslu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veiting veskis-, reiknings- eða fjárvörsluþjónustu sé:

a) nauðsynleg til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í 1. mgr. 1. gr. u og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

b) eingöngu ætluð til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræði-þjónustu,

c) nauðsynleg vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt,

d) nauðsynleg til nota í opinberum tilgangi af hálfu sendiskrifstofu, ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar,

e) eingöngu ætluð til að greiða þóknanir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða

f) nauðsynleg fyrir viðskipti með vörur og þjónustu yfir landamæri, sem eru ekki bönnuð, milli Sambandsins og Belarús.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. a-, b-, d- eða e-lið 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

20) Í stað 1. mgr. 1 gr. w kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. u geta lögbær stjórnvöld heimilað viðtöku slíks innláns eða veitingu þjónustu tengda veski, reikningi eða fjárvörslu, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa ákvarðað að viðtaka slíks innláns eða veiting veskis-, reiknings- eða fjárvörsluþjónustu sé nauðsynleg:

- a) í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða flutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur eða
- b) fyrir aðgerðir í borgaralegu samfélagi sem efla með beinum hætti lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Belarús.“

21) Í stað 2. mgr. í 1. gr. za kemur eftirfarandi:

„2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á peningaseðlum í hvaða opinberum gjaldmiðli aðildarríkis sem er, að því tilskildu að slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur sé nauðsynlegur:

- a) til persónulegra nota einstaklinga sem ferðast til Belarús eða nánustu aðstandenda þeirra sem ferðast með þeim,
- b) í opinberum tilgangi sendiskrifstofa, ræðisstofnana eða alþjóðastofnana í Belarús sem njóta friðhelgi að þjóðarétti eða
- c) borgaralegu samfélagi og fjölmiðastarfsemi sem beinlínis eflir lýðræði, mannréttindi eða réttarríkið í Belarús og fá opinbera styrki frá Sambandinu, aðildarríkjum eða löndum á skrá í V. viðauka ba.“

22) Ákvæðum 1. gr. zc er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. b:

„1b Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu, sem er að 25% eða meira í eigu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar frá Belarús, að verða flutningafyrirtæki á vegum sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi.

Lagt er bann við því að heimila lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem stofnuð er innan Sambandsins fyrir 8. apríl 2022 og sem starfar þegar sem flutningafyrirtæki á vegum, sem flytur vörur á vegum á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í umflutningi, að gera breytingar á fjármagnsuppbyggingu sinni sem myndu auka hundraðshluta í eigu einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar Belarús nema þessi hundraðshluti haldist undir 25% í kjölfar slíkrar breytingar.“

b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

23) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„7a. Í I. viðauka skal einnig vera skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur, í samræmi við da-lið 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2012/642/SSUÖ, tilgreint að séu hluti af, styðji, efnislega eða fjárhagslega, eða njóti góðs af hergagnaiðnaði Belarús, þ.m.t. með því að taka þátt í þróun, framleiðslu eða afhendingu hernaðartækni og búnaðar.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Í I. viðauka skal einnig tilgreina einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast þeim aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í 5., 6. og 7. mgr. og 7. mgr. a.“

24) Eftirfarandi grein er bætt við:

„4. gr. d

1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessarar reglugerðar, og að því tilskildu að fjármunirnir sem um ræðir hafi verið frystir vegna aðkomu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem er á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð, eða lögaðila sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í þeim viðauka, sem kom fram sem milligöngubanki við millifærslu þessara fjármuna til Sambandsins frá Lýðveldinu Belarús, frá þriðja landi eða frá Sambandinu, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að tilteknir frystir fjármunir verði affrystir eftir að hafa ákvarðað að millifærsla þeirra:

- a) fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru ekki á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð,
- b) fari fram í gegnum reikninga hjá lánastofnunum sem ekki eru á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð og

- c) sé ekki brot á ákvæðum 2. mgr. 2. gr. eða 1. gr. m í þessari reglugerð.

Þessi málsgrein gildir ekki í tengslum við frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í vörslu verðbréfa-miðstöðva í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

2. Þrátt fyrir 2. gr. þessarar reglugerðar, og að því tilskildu að greiðslan sem um ræðir hafi verið fryst vegna millifærslu til Sambandsins frá Lýðveldinu Belarús, frá þriðja landi eða frá Sambandinu, sem framkvæmd var í gegnum eða frá lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð, eða gegnum eða frá lögaðila sem er í eigu eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í þeim viðauka, geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að þessi frysta greiðsla verði affryst eftir að hafa ákvarðað að millifærsla hennar:

- a) fari fram milli tveggja einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru ekki á skrá í I. viðauka við þessa reglugerð og
- b) sé ekki brot á ákvæðum 2. mgr. 2. gr. eða 1. gr. m í þessari reglugerð.

Þessi málsgrein gildir ekki í tengslum við frysta fjármuni eða efnahagslegan auð í vörslu verðbréfa-miðstöðva í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

Eingöngu ríkisborgarar í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss eða einstaklingar sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, geta verið réttahafar millifærslu eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Veita má hverjum umsækjanda eina heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan einnar viku frá því að hún er veitt.“

- 25) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„d) greind tilvik um brot, sniðgöngu og tilraunir til brota eða sniðgöngu á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð með notkun sýndareigna.“

- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„2a. Framkvæmdastjórnin getur, í samráði við aðildarríkin og á grundvelli gagnkvæmni, skipst á upplýsingum við lögbær stjórnvöld lands, sem er á skrá í V. viðauka ba, um verslun, viðskipti og rekstraraðila í þriðju löndum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sniðgöngu þeirra banna, sem sett eru fram í þessari reglugerð, að því marki sem það skiptir máli og er nauðsynlegt fyrir skilvirka framkvæmd þessarar reglugerðar. Ef þær upplýsingar innihalda persónuupplýsingar skulu skiptin fara fram samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í V. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1725.

Ef upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, tengjast í undantekningartilvikum rekstraraðila með staðfestu í aðildarríki skal framkvæmdastjórnin fá samþykki lögbærra stjórnvalda í hlutaðeigandi aðildarríki áður en nokkur upplýsingaskipti fara fram.“

- c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Sérhvert skjal sem ráðið, framkvæmdastjórnin eða æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) hefur í vörslu sinni í þeim tilgangi að tryggja framfylgd þeirra aðgerða, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eða koma í veg fyrir brot á þessum aðgerðum eða að þær verði sniðgengnar, skal falla undir þagnarskyldu, og njóta þeirrar verndar sem reglur sem gilda um meginstofnanir Sambandsins veita. Sama vernd skal einnig gilda um sameiginlegar tillögur æðsta fulltrúans og framkvæmdastjórnarinnar að breytingum á þessari reglugerð og öll undirbúningsskjöl sem þeim tengjast.

Gera skal ráð fyrir því að birting slíkra skjala eða tillagna, sem um getur í fyrstu undirgrein, myndi skaða öryggi Sambandsins eða eins eða fleiri af aðildarríkjunum þess eða alþjóðatengsl þeirra.“

- 26) Ákvæðum 8. gr. e er breytt sem hér segir:

- a) Í stað ii. liðar c-liðar í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„ii. að vinna upplýsingar í tengslum við framlag hennar til réttar framkvæmdar, framfylgdar og til að koma í veg fyrir að aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð, verði sniðgengnar.“

- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Framkvæmdastjórnin skal vinna persónuupplýsingar, þ.m.t. sérstaka flokka persónuupplýsinga og persónuupplýsinga sem varða sakfellingar í refsímálum og refsiverð brot, eins og skilgreint er í 2. mgr. 10.

gr. og 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, til þess að bera kennsl á einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð, til þess að aðstoða aðilana sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar við að fara að þessari reglugerð.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfivöld, töllyfivöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013⁽⁸⁾, lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽⁹⁾, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849⁽¹⁰⁾, og tilskipunar (ESB) 2014/65/ESB, sem og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu eins og um getur í tilskipun (ESB) 2015/849 og stjórnendur opinberra skráa þar sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir ásamt lausafé og fasteignum eru á skrá skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónu-upplýsingum og, ef þörf krefur, upplýsingunum sem um getur í 8. gr. j, við önnur lögbær stjórnvöld síns aðildarríkis, lögbær stjórnvöld annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni stjórnvaldsins sem annast vinnslu eða viðtökustjórnvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot, sniðgöngu eða tilraunir til brota eða sniðgöngu á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Þetta ákvæði er með fyrirvara um reglur varðandi trúnað um upplýsingar í vörslu dómshyfirvalda.“

27) Í stað 8. gr. ga kemur eftirfarandi:

„8. gr. ga

1. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda, tilfæra eða flytja út almennar vörur með mikinn forgang, sem eru á skrá í XXX. viðauka eða vörur, sem eru á skrá í XXXI. viðauka, skulu:

- a) gera viðeigandi ráðstafanir, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að greina og meta áhættu af útflutningi til Belarús og útflutningi til notkunar í Belarús fyrir slíkar vörur eða tækni og tryggja að þetta áhættumat sé skjalfest og uppfært,
- b) koma á viðeigandi stefnum, eftirliti og verklagsreglum, sem hæfir eðli þeirra og umfangi, til að milda og stýra með skilvirkum hætti áhættu af útflutningi til Belarús og útflutningi til notkunar í Belarús fyrir slíkar vörur eða tækni, hvort sem áhættan var greind á þeirra vettvangi eða á vettvangi aðildarríkisins eða Sambandsins.

1a. Ákvæði 1. mgr. gilda frá og með 2. janúar 2025 að því er varðar XXX. viðauka og frá og með 26. maí 2025 að því er varðar XXI. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem selja, afhenda eða flytja til almennar vörur með mikinn forgang, á skrá í XXX. viðauka, eða vörur, á skrá í XXXI. viðauka, einungis innan Sambandsins eða til landa sem eru á skrá í V. viðauka ba.

3. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu tryggja að lögaðili, rekstrareining eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem þau eiga eða hafa yfirráð yfir og selur, afhendir, flytur til eða flytur út almennar vörur með mikinn forgang, á skrá í XXX. viðauka, eða vörur, á skrá í XXXI. viðauka, komi til framkvæmda kröfunum í a- og b-lið 1. mgr.

3a. Ákvæði 3. mgr. gilda frá og með 2. janúar 2025 að því er varðar XXX. viðauka og frá og með 26. maí 2025 að því er varðar XXXI viðauka.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki þegar einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir geta ekki sjálfar farið með yfirráð yfir eigin lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun af ástæðum sem viðkomandi átti enga sök á.“

28) Í stað 8. gr. h kemur eftirfarandi:

„8. gr. h

Sérhver aðili, sem um getur í þriðja eða fjórða undirlið 10. gr., skal, við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, eiga rétt á hvers kyns beinum eða óbeinum skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er í eigu eða undir yfirráðum aðila sem um getur í fjórða undirlið 10. gr., stofnar til vegna krafna sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 8. gr. d leggja fram hjá dómstólum í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af aðgerðum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki skilvirkan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 8. gr. d, sem lögðu fram kröfur

hjá dómstólum í viðkomandi þriðja landi, eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir yfirráðum þessara rekstrareininga eða stofnana.“

29) Eftirfarandi grein er bætt við:

„8. gr. k

Ef enginn dómstóll aðildarríkis hefur lögsögu samkvæmt öðrum ákvæðum laga Sambandsins eða laga aðildarríkis getur dómstóll aðildarríkis, í undantekningartilvikum, hlýtt á skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 8. gr. h, að því tilskildu að málið hafi nægileg tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín.“

30) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/391, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/391/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2006/765/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu (Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2012/642/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/821 frá 20. maí 2021 um að koma á reglum Sambandsins um eftirlit með útflutningi, miðlun, tæknilegri aðstoð, tilflutningi og flutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 206, 11.6.2021, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2021/821/oj>).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1226 frá 24. apríl 2024 um skilgreiningu á refsiverðum brotum og viðurlögum vegna brota á þvingunaraðgerðum Sambandsins og breytingu á tilskipun (ESB) 2018/1673 (Stjtið. ESB L, 2024/1226, 29.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1226/oj>).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1673 frá 23. október 2018 um baráttuna gegn peningabætti samkvæmt refsirétti (Stjtið. ESB L 284, 12.11.2018, bls. 22, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2018/1673/oj>).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/392/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.